

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 18. janúar 2017  
UST201611-212/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Þingeyjarsveit. Tillaga að deiliskipulagi Hólsvirkjunar í Fnjóskadal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar á virkjanasvæði Hólsvirkjunar við Árbugsá í Fnjóskadal.

#### **Skipulagssvæðið**

Áætlað er að byggja Hólsvirkjun nyrst í Fnjóskadal og virkja Hólsá og Gönguskarðsá ofan Garðsfells. Ofangreint deiliskipulag nær til 36 ha svæðis nyrst í Fnjóskadal. Þar sem framkvæmdir dreifast um stórt svæði ná áhrif framkvæmdarinnar um stærra svæði.

#### **Framkvæmdin**

Í greinargerð ofangreinds skipulags kemur fram að Hólsá og Gönguskarðsá verða stíflaðar í 310 m.h.y.s. og vatni veitt um niðurgrafna þrýstipípu að stöðvarhúsi á bakka Fnjóskár í 60 m.h.y.s. Einnig kemur fram að aðalstífla virkjunarinnar verði í Hólsá, og að stífla í Gönguskarðsá verði einföld inntaksstífla með litlu lóni, en lón Hólsstíflu er áætlað 2 ha. Umhverfisstofnun tekur undir það að meginframkvæmdasvæðið mun verða við stíflugerðina í Hólsdal og við lagningu þrýstipípu. Því er lykilatriði að mati stofnunarinnar að staðið verði vel að framkvæmdum og mikilvægt að væntanlegir verktakar þekki skilmála þá sem fram koma í greinargerð.

#### **Stífla á Hólsdal**

Steypti hluti stíflu í Hólsdal er áætlaður 35 m að lengd og mesta hæð steyptrar stíflu er 10 m. Heildarlengd stíflu er áætlaður 150 m. Að mati Umhverfisstofnunar mun slík framkvæmd hafa veruleg sjónræn áhrif á svæði sem er ósnortið af framkvæmdum.

#### **Gróður**

Á uppdrætti yfir deiliskipulag ofangreindrar virkjunar er skýringarmynd sem sýnir pípuleiðina. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að vel takist til við frágang á gróðri á pípuleiðinni til að forðast neikvæð sjónræn áhrif. Stofnunin telur mikilvægt að staðargróður verði ræktaður þar sem sár myndast og yfirborð jarðvegs verði í sömu hæð og umhverfið til að ekki myndist línur í landslaginu þegar horft er að pípuleiðum.

## Landslag og ásýnd


Umhverfisstofnun fellst á að áhrifum á landslag og ásýnd megi skipta í þrennt þar sem framkvæmd dreifast um mismunandi svæði. Umhverfisstofnun tekur undir það að áhrif Hólsvirkjunar verða töluverð og neikvæð. Umhverfisstofnun telur að niðurgroftur þrýstipípu geti haft verulega neikvæð áhrif á heildarsvæðið ef miðað er við skýringarmynd á uppdrætti, en góður og vandaður frágangur á yfirborði og gróðri skiptir öllu hvað þá framkvæmd varðar. Ekkert kemur fram um útlit stöðvarhúss, en áætlað er að fella bygginguna að umhverfinu.


Umhverfisstofnun bendir á að hér eru áætlaðar dreifðar framkvæmdir á ósnortnu svæði. Umhverfisstofnun fellst ekki á að umhverfisáhrif ofangreindra framkvæmda verði óveruleg. Áhrifin verða töluverð og neikvæð á landslag og ásýnd, áhrif eru ekki að fullu þekkt á fugla og gróður. Mótvægisáðgerðir eru teknar með í matið og telur stofnunin áhrif mótvægisáðgerða að mestu fara eftir því hvernig til tekst með svæðin sem fara undir framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að iðnaðarsvæði er skilgreint utanum framkvæmdirnar en ekki yfir allt svæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að beðið er eftir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um hvort ofangreind framkvæmd sé matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s. breytingum. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til frekari athugasemda ef í mati á umhverfisáhrifum koma fram ítarlegri upplýsingar um svæðið og áhrif framkvæmdanna á það.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymistjóri